



Áfanganúmer: ÍSLE2RB09

Prep: 2

Einingar: 9

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti:

Bókmenntir, ritun, málnotkun, hljóðfræði, málsaga og goðafræði

Áfangalýsing:

Fjallað verður um grundvallaratriði í setningafræði og hljóðfræði auk ágríps af málsögu. Nemendur eru þjálfaðir í ólíkri textasmíð og bókmenntagreiningu með lestri nútímabókmennta; bundnu máli og lausu. Norrænar goðsagnir eru lesnar með áherslu á Snorra-Eddu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- málfræðihugtökum og ritreglum
- mismunandi tegundum bókmennta og helstu hugtökum í bókmenntagreiningu
- helstu hugtökum í hljóðfræði og framburði nútímaíslensku
- helstu breytingum sem orðið hafa á tungumálinu
- norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta málfræðihugtök til að efla eigin málfærni
- lesa sér til gagns og gamans ólíka texta, sem gera allnokkrar kröfur til lesenda, og skilja algengt myndmál og helstu stílbrögð í bundnu og óbundnu máli
- beita helstu hugtökum bókmenntafræði á bókmenntatexta
- tjá sig í ræðu og riti svo að viðunandi geti talist
- beita aðferðum hljóðfræði við að sýna almennan framburð
- nota viðeigandi hjálpargögn við uppsetningu og frágang verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- styrkja eigin málfærni og beita skýru, lýtalaus og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna tilbrigði í málnotkun
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu

Mat á hæfniviðmiðum

- Sjá námsáætlun